

# 235. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 11. ÁGÚST 2015 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

---

## DAGSKRÁ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.
2. Aukakirkjuþing.
3. Fasteignir.
  - a. Staðarhóll – Hvanneyri, kauptilboð.
  - b. Barmahlíð – Sauðárkrókur, kauptilboð.
  - c. Hátún – Eskifjörður, kauptilboð.
  - d. Staðastaður, Menningar- og sögusetur Ara fróða.
4. Skálholt, samkomulag um uppgreiðslu skuldar Skálholtsstaðar við Kirkjumálasjóð.
5. Fjármál.
  - a. Fyrirspurnir frá kirkjuráðsmanni:
    - i. Þorláksbúð og skuld Þorláksbúðarfélagsins við kirkjumálasjóð.
    - ii. Styrkveitingar úr sjóðum kirkjunnar árið 2010 til dagsins í dag, til eftirfarandi stofnanna; Hólastóls, Guðbrandsstofu, Löngumýrar og Skálholts.
    - iii. Kirkjumálasjóður. Jarðasala kirkjumálasjóðs, efndir á greiðslum o.fl.
    - iv. Löngumýri. Undirritað afsal vegna eigna á Löngumýri, en kirkjuráð ber ábyrgð á málefnum Löngumýrar skv. starfsreglum nr. 817/2000.
  - b. Sálmaþókarnefnd.
  - c. Kynning á 6 mánaða tölum Kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu.
  - d. Endurskoðunarbréf frá Ríkisendurskoðun dagsett 23. júlí og 29. júlí.
    - i. Hinn Almenni kirkjusjóður.
    - ii. Skálholtsstaður.
6. Trúnaðartölvubréf til presta og leikmanna í kirkjuráði, sent 4. ágúst sl.
7. Önnur mál.
  - a. Erindi til biskups Íslands frá 30. júlí sl.
  - b. Beiðni frá kirkjuráðsmanni um upplýsingar um stöðu viðhaldsframkvæmda í Skálholti.
  - c. Beiðni frá kirkjuráðsmanni um upplýsingar um yfirlit yfir afdrif mála kirkjuþings 2014.
  - d. Almanntatengsl.

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir. Séra Gísli Jónasson varamaður og formaður fjárhagsnefndar kirkjuþings sat fundinn í fjarveru séra Gísla Gunnarssonar kirkjuráðsmanns.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Magnús E. Kristjánsson, forseti kirkjuþings, Steindór Haraldsson, formaður löggjafarnefndar kirkjuþings og séra Vigfús Bjarni Albertsson, varaformaður allsherjarnefndar kirkjuþings, sátu fundinn undir dagskrárlið 2 og 7b.

Séra Kristján Valur Ingólfsson, vígslubiskup í Skálholti og Drífa Hjartardóttir, formaður stjórnar Skálholtsstaðar, sátu fundinn undir dagskrárlið 4 og 5ai.

Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofustjóri Biskupsstofu sat fundinn undir dagskrárliðum 2, 5ai, 5aii og 5c.

Ólöf Kristjánsdóttir, aðalbókari Biskupsstofu, sat fundinn undir dagskrárliðum 3a, 3b, 3c og 5.

Kristján Þórðarson, formaður sóknarnefndar Staðastaðarsóknar og séra Páll Ágúst Ólafsson sóknarprestur Staðastaðarprestakalls sátu fundinn undir dagskrárlið 3 d.

Biskup Íslands setti fundinn með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 234. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

---

## 2. AUKAKIRKJUÞING

---

Aukakirkjuþing verður sett í Grensáskirkju föstudaginn 14. ágúst nk. kl. 15. Eitt mál er á dagskrá þingsins en það er tillaga innanríkisráðherra til þingsályktunar um viðaukasamning við samkomulag íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar. Málinu var vísað til kirkjuþings 2015 til afgreiðslu. Forseti kirkjuþings reifaði dagskrá þingsins.

---

## 3. FASTEIGNIR

---

*a. Staðarhóll – Hvanneyri, kaupþilboð.*

Kaupþilboð lagt fram í Staðarhól á Hvanneyri 311 Borgarnesi, íbúðarhús og útihús, að upphæð 25 m.kr.

Kirkjuráð samþykkti kaupþilboðið með fyrirvara og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kynna tilboðsgjafa þá.

*b. Barmahlíð – Sauðárkrókur, kaupþilboð.*

Kaupþilboð lagt fram í íbúðarhús og bifreiðageymslu að Barmahlíð 7, 550 Sauðárkróki að upphæð 28,5 m.kr.

Kirkjuráð samþykkti kaupþilboðið og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að ljúka samningagerð þar að lútandi.

*c. Hátún – Eskifjörður, kaupþilboð.*

Kaupþilboð lagt fram í íbúðarhús og bifreiðageymslu að Hátúni 13 735 Eskifirði að upphæð 13 m.kr.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að gera gagntilboð.

*d. Staðastaður, Menningar- og sögusetur Ara fróða.*

Á fundi kirkjuráðs í maí voru lagðar fram til kynningar tillögur og hugmyndir að uppbyggingu menningar- og söguseturs um Ara fróða á prestssetursjörðinni Staðastað á Snæfellsnesi. Fulltrúar sóknarinnar kynntu hugmyndina enn frekar og svöruðu spurningum kirkjuráðs. Til að hægt sé að halda áfram með verkefnið þarf heimild kirkjuráðs til að nýta útihúsin á Staðastað undir verkefnið.

Kirkjuráð samþykkti á þessu stigi að veita viljrði fyrir breyttri nýtingu á útihúsunum að gefnum ákveðnum skilyrðum. Kirkjuráð samþykkti að veita ekki fjármagni úr sjóðum kirkjunnar til breytinga á húsnæðinu. Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að kynna fulltrúum sóknarinnar skilyrði kirkjuráðs.

---

#### 4. SKÁLHOLT, SAMKOMULAG UM UPPGREIÐSLU SKULDAR

---

Kirkjuráð, vegna kirkjumálasjóðs annars vegar, og vígslubiskup í Skálholtsumdæmi, vegna Skálholtsstaðar hins vegar, gerðu með sér samkomulag vegna skuldar Skálholtsstaðar við Kirkjumálasjóð sem var þann 31.12.2014 kr. 28.787.171,- og greiðist hún að fullu úr Kirkjumálasjóði fyrir lok árs 2017 með jöfnum greiðslum árin 2015, 2016 og 2017. Þessi greiðsla er lokagreiðsla og hefur Skálholtsstaður þá greitt skuld sína við Kirkjumálasjóð að fullu.

Vígslubiskup og formaður stjórnar Skálholtsstaðar lýstu þakklæti sínu vegna þessarar ráðstöfunar kirkjuráðs.

Kirkjuráð samþykkti samkomulagið og var það undirritað.

Aðalþókarari Biskupsstofu kynnti úthlutanir úr sjóðum kirkjunnar til Skálholtsstaðar árin 2010 til 2015 m.t.t. úthlutana úr sjóðum kirkjunnar til Hóladómkirkju, Löngumýrar og Guðbrandsstofu.

---

## 5. FJÁRMÁL

---

*a. Fyrirspurnir frá kirkjuráðsmanni:*

- i. Þorláksbúð og skuld Þorláksbúðarfélagssins við kirkjumálasjóð.

Kirkjumálasjóður gaf út skuldabréf 28. maí 2014 til Félags áhugafólks um uppbyggingu Þorláksbúðar í Skálholti að upphæð 10.316.574 kr. Skuldabréfið var lagt fram til kynningar. Ársreikningur Félags áhugafólks um uppbyggingu Þorláksbúðar í Skálholti vegna ársins 2013 lagður fram til kynningar.

Aðalbókari Biskupsstofu svaraði fyrirspurninni.

- ii. Styrkveitingar úr sjóðum kirkjunnar árið 2010 til dagsins í dag, til eftirfarandi stofnana; Hólastóls, Guðbrandsstofu, Löngumýrar og Skálholts.

Aðalbókari Biskupsstofu kynnti yfirlit um úthlutanir úr sjóðum kirkjunnar árin 2010 til 2015 til Hólastóls, Guðbrandsstofu, Löngumýrar og Skálholtsstaðar.

- iii. Kirkjumálasjóður. Jarðasala kirkjumálasjóðs, efndir á greiðslum o.fl.

Við kynningu á málinu voru lögð fram gögn til upplýsinga og kynnti aðalbókari Biskupsstofu málið.

- iv. Löngumýri. Undirritað afsal vegna eigna á Löngumýri, en kirkjuráð ber ábyrgð á málefnum Löngumýrar skv. starfsreglum nr. 817/2000.

Undirritað afsal vegna eigna á Löngumýri, frá 26. mars 2015 lagt fram til kynningar ásamt gjafabréfi frá Ingibjörgu Jóhannsdóttur fv. skólastjóra og eiganda Löngumýrar.

Biskup kynnti málið.

*b. Sálmaþókarnefnd.*

Biskup kynnti málið en stefnt er að útgáfu nýrrar sálmaþókar árið 2017.

Kirkjuráð samþykkti að veita 3 m.kr. úr Kirkjumálasjóði til viðbótar áður samþykktu framlagi til nefndarinnar, til að ráða starfskraft til starfa á yfirstandandi ári.

*c. Kynning á 6 mánaða tölum Kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu.*

Aðalbókari Biskupsstofu kynnti lykiltölur úr bókhaldi Kirkjumálasjóðs og Biskupsstofu.

*d. Endurskoðunarbréf frá Ríkisendurskoðun dagsett 23. júlí og 29. júlí.*

- i. Hinn almenni kirkjusjóður.

Endurskoðun ársreiknings Hins almenna kirkjusjóðs dagsett 23. júlí sl. var í meginatriðum án athugasemda og í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Ríkisendurskoðun áréttar eftirtaldar ábendingar frá fyrra ári:

- Hlutverki sjóðsins samkvæmt 4. gr. laga nr. 20/1890 er lokið. Ákveða þarf sjóðnum nýtt hlutverk með lagabreytingu eða að öðrum kosti leysa upp sjóðinn.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að gera tillögu að nýju hlutverki fyrir sjóðinn í samræmi við lög um sjóðinn.

- Mikilvægt er að til staðar séu skriflegar verklagsreglur um bókhald og fjárvörslu sjóðsins.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna drög að verklagsreglum um bókhald og fjárvörslu sjóðsins.

- Skoða þarf ávöxtun peningaeignar á verðtryggðum bankareikningi, en ávöxtun lækkaði frá fyrra ári.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að leita eftir betri vaxtakjörum fyrir sjóðinn.

## ii. Skálholtiastaður.

Endurskoðun ársreiknings Skálholtiastaðar dagsett 29. júlí sl. var í meginatriðum án athugasemda og í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins. Ríkisendurskoðun bendir á að umbóta er þörf varðandi eftirtalin atriði:

- Verklagsreglur. Gera þarf átak í skráningu verklagsreglna varðandi bókhald og fjármál staðarins. Samkvæmt upplýsingum frá Skálholtiastað er undirbúningur að því verkefni hafinn.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir.

- Eignaskrá. Innbú kirkju að fjárhæð 17,3 m.kr. er fært til eignar í efnahagsreikningi. Áréttuð er ábending Ríkisendurskoðunar frá fyrri árum um að innbú kirkju verði skráð þannig að skráin sýni sundurliðun þeirra eigna.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að sjá til þess að þetta verði gert.

- Bókasafn. Bókasafn Skálholtiastaðar að fjárhæð 33,1 m.kr. er fært til eignar í efnahagsreikningi. Áður hefur Ríkisendurskoðun bent á að bókasafnið ætti að fella út úr ársreikningi, enda er safnkostur menningarsafna almennt ekki færður upp í reikningsskilum. Samkvæmt upplýsingum frá Skálholtiastað er til bókaskrá úr Gegni yfir rúmlega þrjú þúsund bækur Skálholtiastaðar. Ríkisendurskoðun bendir á að einnig er mikilvægt að skrá yfir gamalt prent frá 16. og 17. öld liggja fyrir á aðgengilegan hátt. Þá má benda á að gamalt prent Skálholtiastaðar er í dag geymt á kirkjulofti þar sem t.d. er ekki rakamælir.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og skoða sérstaklega öryggismál bókasafnsins.

---

## 6. TRÚNAÐARTÖLVUBRÉF TIL PRESTA OG LEIKMANNA Í KIRKJURÁÐI FRÁ 4. ÁGÚST

---

Trúnaðartölvubréf barst þann 4. ágúst sl. til presta og leikmanna í kirkjuráði. Bréfið var lagt fram til kynningar og er erindið í ferli.

---

## 7. ÖNNUR MÁL

---

a. *Erindi til biskups Íslands og afrit til kirkjuráðs barst 30. júlí sl.*  
Erindið var lagt fram til kynningar.

*b. Beiðni um upplýsingar yfir stöðu viðhaldsframkvæmda í Skálholti.*

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að leggja fram á næsta fundi upplýsingar um stöðu viðhaldsframkvæmda í Skálholti.

*c. Beiðni um upplýsingar um yfirlit yfir afdrif mála kirkjuþings 2014.*

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að leggja fram yfirlit yfir afdrif mála er afgreidd voru á kirkjuþingi 2014.

*d. Almanntengsl.*

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að leita áfram ráðgjafar varðandi almannatengsl.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:18.

Næsti fundur kirkjuráðs verður haldinn á Biskupsstofu þriðjudaginn 25. ágúst nk.

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
biskup Íslands.

---

Þorvaldur Víðisson,  
ritari.

---

Séra Elínborg Gísladóttir.

---

Séra Gísli Jónasson.

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir.